

1862.

13. febrúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna á Íslandi, um borgun tillaga til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

Það hefir optar en einu sinni við borið, að sýslumenn á Íslandi hafa vanrækt að borga á tækum tíma tillag sitt til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar fyrir féstyrk þann, er þeir hafa keypt handa konum sínum eptir sinn dag. En til þess að varna því, að ríkissjóðurinn fyrir þessa sök bíði skaða, er tillögin til bráðabyrgða eru greidd úr aðalféhirzln ríkisins hér í bænum, sem venja er til, þá hefir fjárstjórninni þótt ráðlegt, að landfógetanum sè gjört að skyldu, að skýra hlutadeiganda amtmanni frá jafnskjótt og borgun á einhverju tillagi dregst fram yfir hinn ákvedna gjalddaga, og að amtmönnum á hinn bóginn sè bodið, hverjum í því amti, sem hann er yfir skipaður, að hlutast til svo sem þörf er á, þegar í stað er þeir hafa fengið skýrslu landfógeta, að tillögin sèu greidd, og að beita ef á þarf að halda fjárnámi, svo sem heimild er fyrir í lögum.

Fyrir þessar sakir skorar dómsmálastjórnin á yður, herra (tit.), að þér, þegar svo ber við, sem hér er um rætt, gjörð þær ráðstafanir, sem fjárstjórnin hefir stungið upp á, til þess að tillagaskuldirnar verði heimtaðar og fjárnám gjört fyrir þeim ef á þarf að halda, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað samkvæmt þessu.

13. febrúar.

8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um það, hvernig verja skuli Thorkillii sjóði.

Í bænarskrá, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 14. nóvemberm. f. á, ásamt með áliti bæjarfógetans um málið, hafa bæjarfulltrúarnir í Reykjavík farið þess á leit, að ákvörðun sú, er þetta stjórnarráð setti í bréfi 23. ágústm. 1851 um það, hvernig verja skyldi fè Thorkillii sjóðs, verði apturkölluð, en Reykjavíkur bær fái eptir tiltölu